

## Yfirlýsing

Undirrituð hefur setið sem fulltrúi foreldra í stýrihópi um breytingu á Foldaskóla í heildstæðan safnskóla á unglíngastigi og flutning nemenda í 8.-10.bekk úr Hamraskóla og Húsaskóla.

Í ljósi framvindu mála síðustu fjóra mánuði sé ég mér ekki fært að starfa áfram í áðurnefndum stýrihópi. Það að óskir foreldra, jafnvel aðeins fyrirspurnir foreldra, séu með öllu virtar að vettugi er óásættanlegt og algjörlega óskiljanlegt.

Það að pólitíkin bendi á stýrihóp og stýrihópur, sem valdalaust fyrirbæri, bendi til baka á pólitíkina, er ekki bara ótrúverðugt heldur einnig óásættanlegt og óskiljanlegt.

Það að sviðsstjóri skóla-og frístundasviðs leyfi sér að senda bréf sem er ekki aðeins, ég leyfi mér að segja, stútfullt af innantómum frösum heldur ber þess merki að viðkomandi hafi ekki á nokkurn hátt kynnt sér hlutina er óásættanlegt og óskiljanlegt.

Sem foreldri og íbúi í Hamrahverfi finnst mér þessi vinnubrögð með öllu óásættanleg og óskiljanleg.

Ég segi mig því hér með úr umræddum stýrihópi.

Reykjavík, 26.janúar 2012

---

Elín Hjálmsdóttir

Formaður Foreldrafélags Hamraskóla